

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/13/ESB

2014/EES/54/39

frá 18. október 2013

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni á prentplötur með íhlutum sem eru notaðar í færanleg lækningatæki, önnur en færanleg neyðarhjärtastuðtæki, í II. flokki a og II. flokki b í tilskipun 93/42/EBE, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.
- 2) Færanleg lækningatæki eru lækningatæki, sem eru hönnuð og samþykkt af tilkynntum aðila samkvæmt tilskipun ráðsins 93/42/EBE⁽²⁾, til að bera í hendi eða flytja á eigin hjólum, á kerru eða handvagni eða í ökutæki, loftfari eða skipi meðan þau eru í notkun og/eða þess á milli.
- 3) Sem stendur er ekki tæknilega mögulegt að skipta út blýi eða taka það út þegar um er að ræða prentplötur með íhlutum sem eru notaðar í færanleg lækningatæki. Þörf er á tímabundinni undanþágu til að leyfa áframhaldandi notkun lóðningarefna úr blýi þar til frekari rannsóknir hafa verið gerðar til að greina málmblendi sem eru áreiðanleg miðað við eðlilegan endingartíma færanlegra lækningatækja.
- 4) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stj. 2014, ESB L 4, 9.1.2014, bls. 69. Hendar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(¹) Stj. 2011, ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

(²) Stj. 1993, EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.

VIÐAUKI

Eftirfarandi 33. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

- „33. Blý í lóðningarefni á prentplötur með íhlutum sem eru notaðar í færanleg lækningatæki, önnur en færanleg neyðarhjärtastuðtæki, í II. flokki a og II. flokki b í tilskipun 93/42/EBE. Fellur úr gildi 30. júní 2016 að því er varðar flokk II a og 31. desember 2020 að því er varðar flokk II b.“
-